

1. hreppsnefndarfundur á nýju ári haldinn föstudaginn 24. janúar 2020 kl. 14:00 á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði.

Vegna ófærðar verður fundurinn haldinn í gegnum fjarbúnað, mætt eru Guðlaugur A. Ágústson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Veiðileysuháls, Mat á umhverfisáhrifum, drög að tillögu að matsáætlun.
2. Skipulagsnefnd, samþykkt frá fundi hennar 21. janúar 2020 varðandi breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.
3. Úrskurður héraðsdóms um frávísun í flýtimeðferðarmáli, samantekt Jóns Jónssonar lögfræðings.
4. Viðbót við fjárhagsáætlun vegna skammtímakröfu á eigin fyrirtæki hreppsins.
5. Kaffi Norðurfjörður, varðandi rekstur sumarsins 2020.
6. Snjómokstur í vetur, taka ákvörðun um hvaða vinnulag verður á þeim málum.

1. Veiðileysuháls, mat á umhverfisáhrifum, drög að tillögu að matsáætlun.

Vegagerðin hefur óskað eftir umsögn vegna ofanefnds Strandavegar (643) um Veiðileysufirði að Kjósará í Kjósarvík. Hreppsnefnd vísar til samþykktar skipulagsnefndar Árneshrepps þar sem kemur fram að nefndin telur að gerð sé nægjanleg grein fyrir framkvæmdinni og ekki er gerð athugasemd við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til. Það sama gildir um þá valkosti sem lagt er mat á, þar með talið skilgreinda veglínu 708. Hreppsnefnd tekur undir að mikilvægt sé að huga vel að vatnsbólum Djúpvavíkur og nálægð þeirra við fyrirhugaða veglínu. Hreppsnefnd mun senda Vegagerðinni niðurstöður skipulagsnefndar og hreppsnefndar við fyrstu hentugleika.

2. Skipulagsnefnd, samþykkt frá fundi hennar 21. janúar 2020 varðandi breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.

Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Hreppsnefnd samþykkir skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og vegna nýs deiliskipulags vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að kynna hana í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar.

Deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði. Með vísan til bókunar hreppsnefndar, dags. 9. desember 2019, og skipulags- og matslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Árneshrepps

2005-2025 og vegna nýs deiliskipulags vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði samþykkir hreppsnefnd að

217.

VesturVerk ehf. fái heimild til að vinna deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar í samræmi við fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu, sbr. 2.mgr. 38.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Úrskurður héraðsdóms um frávísun í flýtimeðferðamáli, samantekt Jóns Jónssonar. Samantektin lögð fram til kynningar.

4. Viðbót við fjárhagsáætlun vegna skammtímakröfu á eigin fyrirtæki hreppsins. Hreppsnefnd yfirlýst skammtímakröfu á eigin fyrirtæki. Skammtímakrafa Aðalsjóðs á Eignarsjóð í árslok 2019 skv. útkomuspá var 65,0 millj.kr. Hreppsnefnd samþykkir að breyta 60,0 millj.kr. af skammtímakröfum í langtímakröfu á Eignarsjóð. Langtímakrafan er verðtryggð með vísitölu neysliverðs í árslok 2019. Vextir eru fastir 4,5% yfir tímabilið. Langtímakrafan verður greidd upp á 10 árum og fyrsta afborgun 31.12.2020.

5. Kaffi Norðurfjörður, varðandi rekstur sumarsins 2020. Sara Jónsdóttir tekur við rekstrinum og gerður verður viðaukasamningur við hana vegna þessa árs.

6. Snjómokstur í vetur, taka ákvörðun um vinnulag. Erfitt er að ákveða hvaða reglu hægt er að nota fyrir þá fjármuni sem hreppurinn hefur fengið til snjómoksturs í vetur. Allt er þetta háð bæði veðri og snjóalögum. Ákveðið var þó að þegar grásleppuveiðar hefjast muni hreppurinn óska eftir aukamokstri ef á þarf að halda til þess að koma aflanum ferskum til kaupenda. Ennfremur að þessir fjármunir verði notaðir í samvinnu og með samþykki Vegagerðarinnar.

Fleira var ekki tekið fyrir. Ákveðið var að halda næsta fund miðvikudaginn 12.mars n.k. sökum þess hve seint þessi fundur er haldinn. Fundi slitið kl. 15:20.